

## Mikilvæg ártöl varðandi Álfsnes

Nokkuð hefur borið á misskilningi/ruglingi á mikilvægum ártölum er við koma rekstri SORPU bs í Álfsnesi. Í þessu sambandi er rétt að hafa sérstaklega fjögur ártöl í huga þ.e.a.s. 2012, 2014, 2020 og 2024. Einnig hefur borið á misskilningi um hvað felst í nýrri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs og hvaða áhrif áætlunin hefur á starfsemi SORPU bs. í Álfsnesi.

### Starfsleyfi SORPU í Álfsnesi (2012)

Starfsleyfi urðunarstaðarins í Álfsnesi var fyrst gefið út þann 26. apríl 1991 af Umhverfisstofnun og var bæði ótímasett og án magntenginga. Starfsleyfið var endurskoðað 11. júní 1997 og skyldi gilda til 4 ára. Engar magntengingar voru í því starfsleyfi heldur. Ofangreind starfsleyfi voru sameiginleg þ.e.a.s. bæði fyrir móttökustöðina í Gufunesi og urðunarstaðinn í Álfsnesi.

Nýtt starfsleyfi var gefið út af Hollustuvernd ríkisins þann 11. júní 2001 og gildir til 31. desember 2012. Í fyrsta skipti er starfsleyfunum skipt upp þ.e.a.s. annars vegar fyrir móttökustöðina í Gufunesi og hins vegar fyrir urðunarstaðinn í Álfsnesi. Bæði starfsleyfin gilda til sama tíma og er nú í fyrsta skipti magntenging í starfsleyfinu. Bæði starfsleyfin skal endurskoða á 4 ára fresti. Í hvorugu starfsleyfinu er rætt um að starfsemin skuli aflögð að gildandi starfsleyfi útrunnu enda tilgangur starfsleyfis að tryggja að starfsemin uppfylli lagaákvæði og aðrar þær kröfur sem sérstakar aðstæður geta skapað á hverjum stað.

### Jörðin Álfsnes og leiga á henni (2014)

Reykjavíkurborg keypti á sínum tíma jörðina Álfsnes og leigði SORPU bs með gögnum hennar og gæðum til ársins 2014. Frá upphafi urðunar í Álfsnesi, hefur því verið gert ráð fyrir að urðun yrði í Álfsnesi til a.m.k. ársins 2014. Leigutíminn miðaðist við þann tíma sem tók að endurgreiða lán vegna kaupanna.

SORPA bs hefur sótt um framlengingu leigusamnings við Reykjavíkurborg í samræmi við áherslur sem fram koma í svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs um að aðalstarfsstöð fyrirtækisins verði til framtíðar í Álfsnesi.

### Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs (2020)

Sú svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem nú hefur verið lögð fram gildir til ársins 2020 og skal endurskoðast á 3 ára fresti. Skv. þessari áætlun mun verða veruleg og varanleg breyting á því hvað er urðað. Stjórn SORPU bs. hefur ákveðið að hætt skuli allri urðun á lífrænum og brennanlegum úrgangi fyrir árið 2020.

Í áætluninni eru einnig settir fram stikar um hvenær nýjar tæknilausnir verða að líta dagsins ljós til að uppfylla önnur markmið áætlunarinnar.

### Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins (2024)

Í gildi er svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins sem gildir frá 2001 til 2024. Á skipulagstímanum er gert ráð fyrir sorpurðun í Álfsnesi og svæðið merkt sem „opið svæði til sérstakra nota“. Gert er ráð fyrir urðun í Álfsnesi til a.m.k. ársins 2014. Urðunarsvæðið er inn á aðalskipulagi Reykjavíkur og í gildi er deiliskipulag fyrir urðunarsvæðið/athafnasvæði.